

Mennta- og menningarmálaráðuneytið  
Sölvhólgötu 4  
101 Reykjavík

Reykjavík, 9. apríl 2018

### **Efni: Drög að breytingu á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla**

Viðskiptaráð Íslands þakkar fyrir að fá tækifæri til að veita umsögn um ofangreinda breytingu á reglugerð. Um er að ræða tvær breytingar á reglugerð um innritun nemenda í framhaldsskóla. Að mati ráðsins er önnur reglugerðarbreytingin til bóta en hin ekki. Um báðar breytingarnar má þó segja að skortur á rökstuðningi við þær er ámælisverður.


Önnur tillagan sem um ræðir snýr að afnámi svokallaðrar 25 ára reglu. Eins og fjallað er um [í nýlegri skoðun Viðskiptaráðs](#) um menntamál er útlit fyrir það að vegna hraðra samfélagsbreytinga þurfi einstaklingar í raun að læra alla ævi. Þannig megi ekki líta svo á námi sé lokið þegar nemandi hefur lokið tiltekinni námsgráðu á aldrinum 20-30 ára. Reglan getur hamlað námi 25 ára og eldri og gengur því í berhöggi við þá hugsun að menntun sé ævilangt ferli. Að því sögðu er einnig fjallað um í fyrrgreindri Skoðun að á háskólastigi geti aðgangshindranir í einhverjum tilfellum verið skynsamlegar og því gæti verið ráðlegt að skoða aðra möguleika fyrir framhaldsskóla til að skera úr um hvaða nemendur fá skólavist og hverjir ekki.

Hin tillagan sem um ræðir kveður á um að felldur verði niður réttur framhaldsskóla til þess að taka mið af samræmdum könnunarprófum við innritun nemenda. Samræmd próf hafa fengið um margt réttmæta gagnrýni á undanförunum árum, ekki síst í ár eftir vægast sagt misheppnaða framkvæmd þeirra. Að mati Viðskiptaráðs réttlætir sú gagnrýni engan veginn algjört afnám viðmiðunar samræmdra prófa við innritun í framhaldsskóla. Vandamálið sem sumir framhaldsskólar standa frammi fyrir er að gríðarlega erfitt er að meta hæfni nemenda með samræmdum hætti. Afleiðing þess að framskólarnir líti nær eingöngu til skólaeinkunna hefur leitt til gríðarlegrar einnkunna-verðbólgu eins og sést á meðfylgjandi mynd. Um þetta er fjallað í [skýrslu Viðskiptaráðs og SA um menntamál](#) frá 2014. Með því að taka samræmd próf algjörlega út úr myndinni við innritun nemenda er hætta á að þessi vandi aukist.

Gagnvart sjálfum nemendum er vandinn jafnvel meiri. Ef ekki er til neinn sameiginlegur og skýr mælikvarði á við samræmd próf standa nemendur síður jafnfætis þegar kemur að umsókn í framhaldsskóla. Þannig getur meðalgóður nemandi í grunnskóla sem gefur mjög háar einkunnir frekar fengið skólavist í eftirsóttum skóla en afburðarnemandi í grunnskóla sem gefur lægri einkunnir. Öðruvísi útfærsla á samræmdum prófum og hversu mikið eigi að taka tillit til þeirra við innritun í framhaldsskóla er eitthvað sem má ræða. En á meðan ekki er til úrræði við fyrrgreindu vandamáli er varhugavert að hætta algjörlega að taka tillit til samræmdra prófa við innritun í framhaldsskóla.

## EINKUNNIR NÝNEMA Í STÆRÐFRÆÐI ÚR GRUNNSKÓLA

SKÓLAEINKUNN Í 10. BEKK (NÝNEMAR VIÐ VERZLUNARSKÓLA ÍSLANDS)



Heimild: Verslunarskóli Íslands

Viðskiptaráð Íslands styður afnám reglu um forgangsröðun nemenda eftir aldri en leggst gegn því að felld verði brott heimild framhaldsskóla til að taka mið af niðurstöðum samræmdra könnunarprófa.

Virðingarfyllt,

Konráð S. Guðjónsson

Hagfræðingur Viðskiptaráðs Íslands